

FERÐA- OG SAMGÖNGU NEFND.

Ferða- og samgöngunefnd LH skipa formenn svæðisbundnu reiðveganefndanna ásamt formanni og varaformanni skipuðum af LH, þessi skipa nefndina 2009.

Nöfn:	Tölvupóstföng:	Símar:
Halldór H. Halldórsson formaður	bilamalunh@simnet.is	892 8678
Vilhjálmur Ólafsson varaformaður	vilhjalm@lsh.is	824 5424
Jóhannes V. Oddsson Suðvestursvæði	vandill@simnet.is	893 4144
Ólafur Hafsteinn Einarsson Suðursvæði 1.	oli@eidfaxi.is	896 8709
Margrét Eggertsdóttir Suðursvæði 2.	kaldolfur@simnet.is	487 6571
Ásberg Jónsson Norðvestursvæði 1.	asberg@hraunholt.is	897 7113
Magnús Ólafsson Norðvestursvæði 2.	mao@centrum.is	898 5695
Örn Viðar Birgisson Norðaustursvæði 1.	orn@besta.is	820 6930
Stefán Sveinsson Norðaustursvæði 2.	gaedingatours@simnet.is	869 8210

Óhætt er að segja að starfsumhverfi Ferða- og samgöngunefndar hafi litast af efnahagshruni og ástandinu í þjóðfélaginu á árinu 2009, einkum þegar leið á starfsárið.

Í lok janúar kallaði undirritaður eftir uppgjöri frá Vegagerðinni vegna reiðvegaframkvæmda 2008 samkvæmt venju, uppgjörið frá Vegagerðinni barst loks þegar komið var fram í mars. Einnig var reglulegt samband við Vegagerðina vegna úthlutunar reiðvegafjár 2009. Vegna ástandsins í þjóðfélaginu var engin eiginleg vegaáætlun í gildi 2009 amk. ekki fyrri hluta ársins. Heyrst hafði innanhúss hjá Vegagerðinni að Samgönguráð ráðgerði kr. 70. millj. til reiðvega 2009. Eftir að hafa átt í reglulegum samskiptum við aðstoðarvegamálastjóra, ýmist rafrænt, í síma eða með formlegum fundum, sagði Aðstoðarvegamálastjóri að við skyldum miða við þá upphæð. Lífið yrði þrátt fyrir allt að halda áfram og að við skyldum halda okkar striki, samkomulag varð um að Ferða- og samgöngunefnd LH úthlutaði kr. 55. millj. af þessari upphæð, en gera mætti þó ráð fyrir 10% niðurskurði. Með þessar niðurstöður var Ferða- og samgöngunefnd boðuð til fundar.

Ferða- og samgöngunefnd LH hélt tvo formlega fundi á starfsárinu um skiptingu reiðvegafjár, fyrri fundurinn var þann 27. mars, en formenn reiðveganefnda höfðu verið beðnir að skila umsóknum og fjögurra ára áætlunum í síðasta lagi viku fyrir fund. Önnur samskipti nefndarinnar voru með rafrænum hætti og símasambandi.

Fundargerð Ferða- og samgöngunefndar frá 27.03.2009

Samgöngunefnd LH, fundur haldin í húsi ÍSÍ í Laugardal þann 27. mars 2009 kl. 13:00. Mættir Halldór Halldórsson formaður, Vilhjálmur Ólafsson varaformaður, Ólafur H. Einarsson fyrir suðursvæði 1, Margrét Eggertsdóttir fyrir suðursvæði 2, Stefán Sveinsson fyrir norðaustursvæði 2, Örn Viðar Birgisson fyrir norðaustursvæði 1, Magnús Ólafsson fyrir norðvestursvæði 2, Ásberg Jónsson fyrir norðvestursvæði 1 og Jóhannes Oddsson fyrir suðvestursvæði.

Mál 1. HH skýrir skýrslu samgöngunefndar fyrir árið 2008, fulltrúar svæðanna kynntu stöðu verkefna í sínum umdæmum. Talsverðar umræður urðu um reiðleiðina fram Eyjafjörð.

Mál 2. HH leggur fram gögn og fer yfir fjárheimildir ársins 2008.

Mál 3. HH leggur fram gögn vegna uppgjors ársins 2008, fram kom að kr. 52,5 millj. velta á milli ára sem er bagalegt, en oft hafa félögin verið hvött til að nota það fjármagn sem þau fá úthlutað á úthlutunarárinu.

Mál 4. HH leggur fram greinargerð um framkvæmdir ársins 2008.

Mál 5. Umsóknir um úthlutun úr reiðvegaskjóði 2009 lagðar fram.

Önnur mál: Lagt fram erindi frá Gunnari Valssyni í Herði um ósk um fjárstuðning vegna áningahólfa á reiðleiðinni úr Mosfellsbæ í Skógarhóla, erindinu er vísað til reiðveganeftdar suðvesturs svæðis. HH gerði grein fyrir stöðu skráningar reiðvega. HH sagði frá samskiptum við sveitastjórn Dalabyggðar vegna stöðu reiðvega á skipulagi og færslu reiðvegar frá Kambsnesi á þjóðveginn. HH kynnti nýtt skipulag fyrir Suðurlandsveg, talsverðar umræður urðu um þetta mál. Akveðið að boða til næsta fundar þann 17. apríl 2009 kl. 13:00 í húsnaði ÍSÍ í Laugardal.

Fundi slitið kl. 16:00

Fundarritun; Vilhjálmur Ólafsson.

Á milli þessara tveggja funda hjá Ferða- og samgöngunefnd var undirritaður í sambandi við og átti fund með deildarstjóra Fjárreiðudeild Vegagerðarinnar. Þau samskipti voru aðallega til að sameina tölur á uppgjöri ársins 2008 og einfalda það. Á því uppgjöri voru ýmsar upphæðir, sumar reyndar frá fyrri árum, sem Vegagerðin hafði úthlutað til sveitarfélaga eða einstaklinga og höfðu ekki verið nýttar að fullu. Í samráði við Fjárreiðudeild Vegagerðarinnar og í tilvikum við viðkomandi sveitarfélög voru þær fjárhæðir sem út af stóðu fluttar á fjárheimildir viðkomandi hestamannafélaga.

FUNDARGERÐ

Ferða- og samgöngunefnd LH;

2 (12)

Úthlutun reiðvegafé.

Dags. fundar	Tími	Staður	Nr. fundar
17.04.2009	13.00	Laugardalur	2
Fundarboðandi	Fundarritari		Dags.
Ferða- og	Jóhannes Oddsson		17.04.
samgöngunefnd LH			2009
Fundarmenn			

Halldór H. Halldórsson, Jóhannes V. Oddsson, Margrét Eggertsdóttir, Ásberg Jónsson, Magnús Ólafsson, Örn Viðar Birgisson, Stefán Sveinsson og Ólafur Hafsteinn Einarsson

Fundargerð síðasta fundar.

HH. les og fer yfir fundargerð síðasta fundar og var hún samþykkt án athugasemda.

Reiðvegir; uppgjör.

Halldór fer yfir uppgjör á reiðvegafé og þær breytingar sem hafa verið gerðar á því frá síðasta fundi. Sum verk hafa ekki komist á koppinn, fjárheimildir sem Vegagerðin hefur veitt aðilum og standa út af borði hafa verið færðar á fjárheimildir hestamannafélaga innan svæða. Útskýringar hafa einnig fengist hjá Vegagerðinni varðandi tiltekna fjárhæðir frá síðasta fundi. Allar tölur innan hvers svæðis eru á lágum tölum miðað við umfang fjársýslunar. Uppgjörsmál í góðu lagi nema þá helst á Austurlandi, þar þurfa að vera skýrari skil á milli aðila og Vegagerðarinnar á Reyðarfirði. Ekki er í öllum tilfellum ljóst hvort reikningar eru greiddir af fjárheimildum hestamannafélaganna eða Vegagerðarinnar. Fundarmenn sammála um að þetta þurfi að lagfæra.

Reiðvegafé 2009

Halldór hefur fundað og átt símafund með Aðstoðarvegamálastjóra, í fyrstu var talað um að reikna mætti með 10% flötum niðurskurði vegna þess ástands sem væri í þjóðfélaginu. Í raun væri engin vegaáætlun í gildi og að ekkert yrði staðfest í þessum eignum fyrr en eftir kosningar.

Í annan stað heyrðist innanhúss hjá Vegagerðinni að 70 millj. kr. væru ætlaðar til reiðvega, þær tölur bárust frá Samgönguráði. Aðstoðarvegamálastjóri Gunnar Gunnarsson kvað að við skyldum miða við þá upphæð og að LH skyldi úthluta 55 millj. kr. af þeirri upphæð sem væri hlutfallslega svipað og síðasta ár.

Umsóknir um reiðvegafé 2009

Heildarumsóknir frá hestamannafélögunum 2009 eru kr. 233,4 millj. vilyrði fyrir mótfamlögum eru 41,3 millj. kr. Ráðstafað til verkefna en ónotað um sl. áramót eru kr. 52,5 millj. í þeirri tölu er einnig fjármagn sem Vegagerðin hefur ráðstafað. Þá eru hjá Vegagerðinni kr. 20,3 millj. sem er óráðstafað til verkefna.

Misjafnar heimtur voru á umsóknum frá hestamannafélögunum, sérstaklega á það við um Vesturland. Slæmt að þurfa að ganga á eftir þessu og eru fulltrúar beðnir um að lagfæra þessa hluti fyrir næsta ár, hugsanlegt að félög verði látin sitja hjá við úthlutanir. Hlutfall fjárhæða milli félaga er með svipuðu sniði og undanfarin ár. Óskað er eftir kr. 3 millj. til reiðvegaskráningar. Umsóknir eru misvel unnar og eru aðilar þ.e. formenn reiðveganefnda svæða og hestamannafélögin hvött til að vanda betur til verka þannig að auðveldara verði að vinna úr gögnum.

Skipting reiðvegafjár 2009.

Tillaga formanns Ferða- og Samgöngunefndar er eftirfarandi:

Suðvestursvæði	20,0%	kr. 11.000.000,-
Suðursvæði I	16,4%	kr. 9.000.000,-
Suðursvæði II	9,1%	kr. 5.000.000,-
Norðvestursvæði I	10,9%	kr. 6.000.000,-
Norðvestursvæði II	14,6%	kr. 8.000.000,-
Norðaustursvæði I	14,6%	kr. 8.000.000,-
Norðaustursvæði II	9,1%	kr. 5.000.000,-
<u>Reiðvegaskráning</u>	<u>5,5%</u>	<u>kr. 3.000.000,-</u>
Samtals	100%	kr. 55.000.000,-

Tillagan samþykkt samhljóða innan nefndarinnar, en flestir hefðu þó getað þegið meira inn á sín svæði.

Samþykki stjórnar LH þarf fyrir þessari úthlutun og þegar Vegagerðin hefur staðfest úthlutunina þá myndast fjárheimild til handa hestamannafélögunum.

Framkvæmdir.

Víða gengur illa að fá félögin til að hefja framkvæmdir. Margar ástæður liggja að baki, en þetta ætti að lagast í sumar þar sem minna er um verkefni hjá verktökum.

Magnús lýsir áhyggjum með seinagang framkvæmda og hvetur fulltrúa félaganna til að hefja framkvæmdir sem allra fyrst vegna óvissu í þjóðfélaginu. Hugsanlegt er að fjárúthlutunum verði kipt til baka ef sýnt er að fjárheimildin liggur ónotuð.

Önnur mál.

Vélhjól eru enn til vandræða þar sem ekki kemur skýrt fram í lögum að akstur vélknúinna ökutækja sé bannaður á reiðstígum. Þessum lögum verður að breyta. Umræðan hefur staðið frá því 2006 en lítið þokast. Halldór ætlar að kanna í ráðuneytinu hvernig staðan er á málinu í dag. Einnig eru fulltrúar hvattir til að hafa samband við sína þingmenn nú fyrir kosningar.

Ólafur Hafsteinn ræddi að mótmæli hafi borist frá fjárbændum í Ölfusi og Fjáreigendafélagi Rvk. vegna fyrirhugaðs nýs reiðvegar meðfram Hellisheiðaræð, en mótmælin beinast þó einkum gegn fyrirhuguðum hjóla- og göngustíg vegna ótta um aukningu vélhjóla á svæðinu.

Ekki fleira tekið fyrir, fundi lýkur kl. 14.25

Vonast var til að vegaáætlun yrði staðfest og tæki gildi fljótlega eftir kosningar sl. vor þannig að ljóst yrði þá hvort til einhvers niðurskurðar kæmi á úthlutuðu reiðvegafé. Og staðfestingu á fjárheimildum hestamannafélögunum til handa. Kosningar liðu, skipt var um stjórn en ekkert bólaði á afgreiðslu okkar mála. Undirritaður var í nær vikulegu sambandi við Aðstoðarvegamálastjóra og eða deildarstjóra Fjárreiðudeildar Vegagerðarinnar vegna þessa. Þegar liður fram í júlí berst undirrituðum það til eyrna, án þess þó að það sé með formlegum hætti, að það fjármagn sem veltur ónotað á milli ára sé tekið af okkur. Þessu var mótmælt á formlegan hátt með bréfi til Vegamálastjóra þar sem ástæður þess að reiðvegafé flyst á milli ára voru skýrðar.

Vegamálastjóri segir í svarbréfi sínu að það sé ekki á valdi Vegagerðarinnar að ákvarða meðferð fjárheimilda sem eru til staðar um áramót, hvorki til reiðvega eða annarra málaflokka. Þá sé einnig ljóst að niðurskurður til framkvæmda upp á 3,5 milljarða muni koma niður á mörgum verkefnum, og eins og er ekki hægt að tryggja að það nái ekki til fjárveitinga til reiðvega.

Næstu vikur var reglulegt samband við Vegagerðina sem fyrr, í tölvuskeyti þann 7 ágúst frá Aðstoðarvegamálastjóra segir: Það syrtir í álinn. Við erum að skoða hvort nauðsynlegt sé að skera 30% af öllum fjárveitingum. Það þýddi ca. 40 m. kr. til ykkar en ekki 55. Skýrist vonandi eftir helgi.

Enn liðu dagar og vikur án þess að niðurstöður fengjust, Vegagerðin hafði fram til þessa greitt framlagða reikninga frá hestamannafélögunum. Bæði það sem menn töldu sig eiga inni frá fyrra ári og framkvæmdu fyrir „í góðri trú” og eins það sem úthlutað hafði verið 2009. Eitthvað var þó farið að vefjast fyrir hjá Vegagerðinni um greiðslur til hestamannafélaganna eins og sjá má á skeytum milli svæðisstjóra og aðalstöðva Vegagerðarinnar þann 20. ágúst. Í framhaldi var undirrituðum boðið til fundar í Vegagerðinni þann 24. ágúst.

Fundur mánudaginn 24. ágúst 2009 kl. 11:00. Fundarstaður skrifstofa Aðstoðarvegamálastjóra mættir; frá Vegagerðinni Gunnar Gunnarsson og Hannes Már Sigurðsson, frá LH Haraldur Þórarinnsson formaður og Halldór H. Halldórsson Samgöngunefnd.

Farið var yfir stöðu mála er niðurskurð til vegamála og þá sérstaklega það er reiðvegi varðar, niðurskurður á reiðvegafé er óumflýjanlegur að sögn Vegagerðarinnar. Fram kom að allt það fjármagn sem valt yfir áramót hjá Vegagerðinni 4 milljarðar kr. eru felldir niður og 3,5 milljarðar að auki, og á það jafnt við um reiðvegi eins og aðra þætti vegagerðar. Fram kom að Samgöngunefnd LH hafði mótmælt þessu formlega með bréfi til Vegamálastjóra og ástæður skýrðar hvers vegna reiðvegafé veltur á milli ára, vegagerðarmenn höfðu fullan skilning á því, þeir glíma sjálfir við sambærilegar ástæður. Boð um þennan niðurskurð eru komin frá Fjármálaráðuneytinu. HHH benti á að búið væri að vinna fyrir talsvert af því fjármagni sem valt yfir áramótin, **GG sagði að staðið yrði við allar skuldbindingar sem þegar hafa verið gerðar og þær greiddar, en frekari reiðvegaframkvæmdir yrði að setja í bið.** Ákveðið var

að kalla eftir öllum skuldbindingum frá reiðveganefndum og hestamannafélögum um hvað væri búíð að gera og bindandi samningum sem gerðir höfðu verið fyrir þennan dag, HH kvaðst þurfa amk. 10 daga til að fá inn þær upplýsingar sem beðið var um.
Fundi slitið kl. 11:45

Vel gekk að fá upplýsingar frá hestamannafélögunum, enda yrði litið svo á að ef engar upplýsingar bærust frá þeim þá væri ekkert í gangi og allar fjárheimildir af þeim teknar. Undirritaður óskaði eftir fundi með Vegagerðinni þegar upplýsingar frá hestamannafélögunum höfðu borist.

Fundur föstudaginn 4. september 2009 kl. 11:00 Fundarstaður skrifstofa deildarstjóra Fjárreiðudeildar Vegagerðarinnar Hannesar Mús Sigurðssonar, mættir Hannes Már og Halldór H. Halldórsson LH.

HH lagði fram upplýsingar frá hestamannafélögunum sem borist höfðu, þar kemur fram að framkvæmt hefur verið fyrir kr. 32,7 milljónir og bindandi samningar vegna reiðvegaframkvæmda eru kr. 44,5 milljónir, samtals kr. 77 milljónir. Fram kom hjá HMS að Vegagerðin er búin að greiða kr. 31,1 milljón vegna reiðvegaframkvæmda það sem af er árinu. Á suðvestur svæði 6,5 m. kr. suðursvæði I, 12,4 m. kr. suðursvæði II, 0,4 m. kr. norðvestur svæði I, 3,8 m. kr. norðvestur svæði II, 2,6 m. kr. norðaustur svæði I 5,4 m. kr. norðaustur svæði II, 0 kr. Mismunur á milli upplýsinga frá hestamannafélögunum og Vegagerðinni er að eitthvað af reikningum vegna reiðvegaframkvæmda hafði ekki borist Fjárreiðudeild.

HMS lagði áherslu á að ekkert ónotað fjármagn til reiðvega ylti yfir sl. áramót, þetta væri skipun frá Fjármálaráðuneytinu, þannig að allt það fjármagn sem greitt væri út til reiðvega á árinu er af fjárveitingu ársins 2009. Við skyldum miða við þá upphæð sem var til úthlutunar 2009 eða kr. 70 milljónir og kr. 55 milljónir úthlutun LH á félögin. Þau hestamannafélög sem eru með skuldbindingar fram yfir úthlutun 2009 lenda í skerðingu á árinu 2010 er því nemur. Fjárheimildir hestamannafélaga 2009 eru því eingöngu úthlutun ársins.

Ljóst er að með þessa niðurstöðu þá er hætta á að mörg hestamannafélög verða í verulegum vandræðum á næstu misserum. Hending frá Ísafirði er t.d. í þeirri stöðu að hafa fengið greitt í apríl 2009 kr. 805.751,- sem var innistæðan frá fyrri árum. Til viðbótar voru þeir með reikning núna í ágúst kr. 1.008.899,- sem er kr. 158.899,- fram yfir heimild ársins 2009. Gláður í Dalabyggð er í svipaðri stöðu, fékk greiðslu í mars 2009 kr. 1.126.856,- sem er nálægt því að vera innistæðan frá fyrri árum. Þeir eru síðan með viðbótarreikning kr. 815.839,- á móti fjárveitingu 2009.

Í svarskeyti, til Hannesar M. Sigurðssonar hjá Fjárreiðudeild Vegagerðarinnar þar sem hann leitaði álits undirritaðs á því hvort greiða skyldi þetta eða velta því yfir á 2010, lagði undirritaður til að reikningarnir yrðu greiddir og að það sem væri umfram heimildir yrði sett á 2010. Í svarskeyti frá Hannesi þann 7. september segir; *er ekki rétt að við bíðum í bili með greiðslur til þeirra, sem eru þegar búnir að fá greitt sem samsvarar fjárveitingu ársins, þangað til við sjáum hvað verður í sjóði þegar fer að líða á árið. Látum hina sem ekkert eru búnir að fá hafa forgang.*

Í tölvuskeyti til þeirra Gunnars og Hannesar hjá Vegagerðinni þann 10. september lagði undirritaður enn og aftur áherslu á að taka bæri fullt tillit til þess að boð um niðurfellingu á fjárheimildum fyrri ára bærast ekki fyrr en liðið var á júlímánuð og lagði til aðrar leiðir við niðurskurð á fjárheimildum til reiðvega. Þeim tillögum hefur ekki verið svarað.

Undirritaður fór því að velta því fyrir sér hvor gjörningur sem þessi, þ.e. að taka af hestamannafélögunum þær fjárheimildir sem ultu á milli ára, standist lög.

Í tölvuskeyti til Aðstoðarvegamálastjóra 22. september var spurt hvort það væri réttur skilningur að það reiðvegafé sem fluttist á milli ára væri tekið af hestamannafélögunum. Þá var Aðstoðarvegamálastjóra einnig tilkynnt að LH hlyti að áskilja sér rétt til að kanna réttmæti þess gjörnings og leita lögfræðilegs álits á því.

Aðstoðarvegamálastjóri útrekar í svari að það sé ekki á valdi Vegagerðarinnar að ákveða hvort innistæður í ríkissjóði fáiast greiddar eða ekki. Það standi sem fram hafi komið á okkar fundum og samtölum, að það verði greitt sem unnið hefur verið í góðri trú. Jafnframt að Vegagerðin hafi beðið okkur um að koma því á framfæri við félagsmenn okkar að halda ekki áfram framkvæmdum eða byrja nýjar vegna óvissrar stöðu í fjármálum.

Og að sjálfsögðu sé á okkar valdi, hvort við leituðum álits lögfræðinga á lögmæti athafna Vegagerðarinnar og/eða ríkisins. Hins vegar leitt til þess að vita, ef styrkir frá ríkinu fara í slíka tilgangslausa vinnu og er, að mati Aðstoðarvegamálastjóra, á skjön við gott samstarf á undanförnum árum.

Undirritaður er sammála því að samstarf Vegagerðarinnar og LH hefur verið mjög gott á liðnum árum og ekki ástæða til að spilla því á neinn hátt. Ég sé heldur ekki hvernig það má verða þó LH sé upplýst um lögmæti gjörningsins, það er jú æðsta vald þjóðarinnar sem á endanum úthlutar fjármagni til reiðvega. Samgönguráð gerir tillögu til Samgönguráðherra um úthlutun, sem svo gerir tillögur til Samgöngunefndar Alþingis, þannig er spurningin sú hver getur tekið það til baka og ógilt ákvörðun Alþingis?

Undirritaður óskaði eftir því við stjórn LH að lögfræðilegs álits yrði leitað, Arnóri Halldórssyni hdl. var falið að skoða málið fyrir hönd LH. Arnór kynnti sér málið og var í sambandi við aðila innan Fjársýslu ríkisins, Stjórnsýslunnar og Vegagerðarinnar. Hans mat eftir þau samskipti og viðræður er að aðhafast ekki frekar, heimildir fjárveitingavaldsins eru nokkuð ótvíræðar með að taka aftur það fjármagn sem ekki hefur verið nýtt á því ári sem því var úthlutað. Það er heldur ekki vilji undirritaðs til að standa í málaferlum eða troða illsakir við fjárveitingavaldið eða Vegagerðina, við þurfum jú að liggja stöðugt á betlistafnum hjá sömu aðilum, hvernig svo sem til tekst á næsta eða næstu árum. Það er boðaður 60% niðurskurður til vegamála í fjárlögum 2010.

Með þessar niðurstöður var Ferða- og samgöngunefnd boðuð til fundar, til stóð að funda 2. okt. en var frestað til 9. okt. Óskað var eftir því við Vegagerðina að Aðstoðarvegamálastjóri og eða deildarstjóri Fjárreiðudeildar mættu á fundinn.

Frá fundi Ferða- og samgöngunefndar LH föstudag 9. okt. 2009. kl. 13:00

Mættir voru Halldór H. Halldórsson, Vilhjálmur Ólafsson, Sæmundur Eiríksson, Margrét Eggertsdóttir, Ásberg Jónsson, Magnús Ólafsson og Stefán Sveinsson, fulltrúa frá norðaustursvæði 1 og suðursvæði 1 vantaði. Kl. 14:00 mætti Hannes Már Sigurðsson deildarstjóri Fjárreiðudeildar Vegagerðarinnar til fundarinnar.

Niðurstöður fundarinnar eru m.a. þær að ekkert vegafé þ.m.t. reiðvegafé flyst á milli ára þ.e. frá 2008 til 2009. Þannig missa hestamannafélögin af 52,6. milljónum auk 20,3. milljóna sem var óráðstafað hjá Vegagerðinni af eldri fjárveitingum. **Fjárheimildir hestamannafélaganna er einungis það fjármagn sem þeim var úthlutað á árinu 2009.**

Fram hefur komið að reiðvegafé 2009 er 70. milljónir og af þeirri upphæð úthlutaði Ferða- og samgöngunefnd LH 55. milljónum.

Mörg hestamannafélög hafa unnið að reiðvegaframkvæmdum á þessu ári fyrir fjármagn sem þau í góðri trú töldu sig eiga um sl. áramót. Sum félög eru í þeirri stöðu að þau unnu að reiðvegaframkvæmdum á síðari hluta ársins 2008 en lögðu ekki fram reikninga fyrr en á þessu ári, greiðslur fyrir þessi verk teljast af fjárheimildum 2009.

Það sem gerðist var það að fjárveitingavaldið, Fjármálaráðuneytið, fyrirskipaði að ónotaðar fjárheimildir um sl. áramót féllu niður og væru ekki lengur til staðar. Þetta er náttúrulega ömurleg niðurstaða og í ljósi þess að boð um þetta komu ekki fyrr en í júlí þá er þetta alveg einstaklega ömurleg stjórnsýsla, en eins og fram kemur hér á undan þá var lögfræðilegs álits leitað á þessum gjörningi. Við hjá Ferða- og samgöngunefnd LH erum að bagsa við 52,6. milljónir, en Vegagerðin 4 milljarða auk 3,5 milljarða niðurskurðar af fjárveitingu 2009 og boðaðan 60% niðurskurð til vegamála á næsta ári.

Þann 30. sept. sl. var Vegagerðin búin að greiða reikninga vegna reiðvegaframkvæmda og tengdra verkefna 52,2 milljónir af þeim 70. milljónum sem til ráðstöfunnar eru á árinu, þannig að það eru einungis 17,8. milljónir eftir af fjárveitingu ársins. Samkvæmt þeim samningum sem hestamannafélögin hafa gert við verktaka, bindandi samningar, þá er eftir að framkvæma fyrir 47,6. milljónir á árinu, það eru 29,8 milljónir fram yfir fjárheimildir.

Um leið og þessar 17,8 milljónir sem eftir eru af fjárheimildum ársins eru uppnar þá stöðvast frekari greiðslur frá Vegagerðinni fram yfir áramót. Það eru því eindregin tilmæli til hestamannafélaganna að stöðva þær fyrirhuguðu framkvæmdir sem ekki eru hafnar. Endursemja við verktaka með þau verk sem eru í gangi ef hægt er, t.d. um einhvern hluta greiðslna fram yfir nk. áramót. Einnig getur það verið samkomulagsatriði milli félaga innan hvers svæðis að það félag sem hefur fengið greitt umfram sínar heimildir semji við félag sem ekki hefur nýtt sínar fjárheimildir um að þær verði fluttar á skulduga félagið gegn leiðréttingum við næstu úthlutun.

Það eru því eindregin skilaboð til svæðisbundnu reiðveganeftndanna að kalla strax til fundar á sínum svæðum, hvort heldur sem er með formlegum hætti, rafrænt eða símafunði, til að fara yfir stöðu mála hjá sér.

Tilmæli eru til nefndarmanna að senda undirrituðum sem allra fyrst yfirlit yfir þær reiðvegaframkvæmdir sem mögulegt er að fresta og endurskoða samninga við verktaka. Hannes Már hjá Vegagerðinni mun senda Ferða- og samgöngunefnd reglulega uppfærðan hreyfingalista yfir greiðslur vegna reiðvegaframkvæmda, upplýsingum um stöðuna hverju sinni verður komið áleiðis til reiðveganeftnda svæða. Það verður passað upp á að ekkert verið eftir af fjárheimildum ársins um nk. áramót.

Það var einróma álit fundarmanna að nærvera Hannesar Mús á fundinum hafi verið til góðs og skilningur á stöðunni mun betri eftir en áður. Þá var okkur gefið undir fótinn með að reiðvegafé 2010 yrði svipuð upphæð og 2009, en þó án ábyrgðar.

Hannes Már yfirgaf fund kl .14:40, fundi slitið kl 15:10.

Halldór H. Halldórsson

form. Ferða- og samgöngunefndar LH.

Reiðvegaskrá / Kortasjá.

Ekki hefur verið á árinu unnið við áframhaldandi reiðvegaskráningu, til þessa hefur skort fjármagn eða fjárheimildir. Í byrjun árs var sótt um styrk vegna skráningarinnar til Þróunarssjóðs hestamennskunnar, ekkert kom út úr því. Ferða- og samgöngunefnd LH úthlutaði kr. 3. millj. til verksins og til stóð að sækja um álíka upphæð til Vegagerðarinnar þegar endanlegar fjárheimildir til reiðvega lægu fyrir. Hér að framan er stiklað á því hvernig fór með fjárheimildirnar og þá stöðu sem hestamannafélögin eru í. Úr því sem komið er þá verður bið á frekari reiðvegaskráningu fram á næsta ár, en vilji Ferða- og samgöngunefndar stendur til að halda áfram með verkið.

Vegagerðin hefur ekki enn staðið við sinn hluta samkomulags sem gerður var um númerakerfi reiðvega.

Nokkrar tillögur og ályktanir komu frá LH þingi höldnu á Kirkjubæjarklaustri 24. og 25. október 2008.

Á þingskjali 2a flytjandi: Ferða- og umhverfisnefnd þingsins segir:

Ályktun:

56. landsþing Landssambands hestamannafélaga haldið á Kirkjubæjarklaustri 24. og 25. okt. 2008, beinir því til hestamannafélaga og svæðisbundnu reiðveganefndanna að leita aðstoðar Sæmundar Eiríkssonar í gegnum LH, hvað varðar skipulagsmál og annað það sem starfssvið hans segir til um.

Greinargerð:

55. landsþing Landssambands hestamannafélaga haldið í Borgarnesi 27. og 28. okt. 2006 samþykkti ályktun um að fela stjórn LH að leita leiða til að ráða starfsmann til tímabundinna verkefna. Starfsmaðurinn skyldi vera reiðveganefndum landssvæða til aðstoðar við áætlanagerð, skráningar og hnitsetningar reiðleiða.

Afgreiðsla þingsins: Samþykkt

Sæmundur Eiríksson kom með tillögur að tveim leiðum í þessu máli sem undirritaður kom svo áleiðis til stjórnar LH. Tillögur Sæmundar voru þessar:

Framkvæmd tillögu – tveir möguleikar / SE 31. 10. 08:
1. Reiðveganefndir fylgjast með auglýsingum um skipulagstillögur á sínum svæði og óski eftir aðstoð SE ef talin er þörf á því.
2. SE fylgist með öllum auglýsingum um skipulagstillögur á öllu landinu, skoði þær og meti hvort þörf er á frekari skoðun. Yfirferð og skoðun á skipulagstillögum verði síðan gerð í samráði við reiðveganefnd eða hestamannafélag viðkomandi svæðis.

Undirrituðum er ekki kunnugt um að stjórn LH hafi verið í sambandi við Sæmund vegna þessa.

Á þingskjali nr. 2b flytjandi: Ferða- og umhverfisnefnd þingsins segir:

Ályktun:

56. landsþing Landssambands hestamanna haldið á Kirkjubæjarklaustri 24. og 25. október 2008 hvetur stjórn LH til að leita allra leiða til að halda áfram þeirri vinnu sem hafin er við skráningu reiðleiða. Bæði í Exel skrá og á Kortasjá Loftmynda ehf. með öllum þeim birtingarmyndum og möguleikum sem það býður upp á, til hagsbóta fyrir hinn almenna hestamann og hestaferðapjónustuna.

Landsþingið hvetur einnig hestamannafélögin til að halda reiðvegamálum og umræðum um reiðvegi á lofti. **Afgreiðsla þingsins: Samþykkt**

Ferða- og samgöngunefnd hefur fullan hug á að halda áfram með þá vinnu sem hafin er við skráningu reiðleiða, en erfiðlega hefur gengið að finna fjármagn til verksins, en ekki útséð með það hvort tekst að halda áfram á þessu ári.

Á þingskjali nr. 2c flytjandi: Ferða- og umhverfisnefnd þingsins segir:

Ályktun:

56. landsþing Landssambands hestamannafélaga haldið á Kirkjubæjarklaustri 24. og 25. október 2008 hvetur LH til að leita allra leiða til að fá gamlar reiðleiðir (þjóðleiðir) sem hefur verið loka opnaðar að nýju.

Afgreiðsla þingsins: Samþykkt

Ferða- og samgöngunefnd LH hvetur alla til að standa vörð um gamlar reiðleiðir, þjóðleiðir.

Á þingskjali nr. 2d flytjandi: Ferða- og umhverfisnefnd þingsins segir:

Ályktun:

56. Landsþing Landssambands hestamannafélaga haldið á Kirkjubæjarklaustri 24. og 25. okt. 2008 beinir því til stjórnar LH að sjá til þess að samþykkt á þingskjali nr. 22 frá síðasta landsþingi LH verði fylgt eftir.

Greinargerð:

Umferð vélknúinna ökutækja er orðin óþolandi á merktum reiðvegum. Mikilvægt er að LH hraði sem mest þeirri vinnu sem hafin er varðandi þessi mál.

Afgreiðsla þingsins: Samþykkt

Ferða- og samgöngunefnd er stöðugt með þetta mál í skoðun, hefur m.a. þrýst á breytingar á Umferðarlögum þar sem ótvírætt yrði bannaður akstur vélknúinna ökutækja á reiðvegum. Í drögum að nýjum Umferðarlögum segir m.a. í 2 grein skilgreiningar,

Almennir stígar:

Göngu-, hjóltreidda- og reiðstígar sem ætlaðir eru til frjálsrar umferðar, annarra en ökutækja, og haldið er af fé ríkisins eða sveitarfélaga.

Reiðvegur:

Vegur sem sérstaklega er ætlaður til umferðar á hrossum, þar sem ökutæki eru óheimil.

Það er mat Ferða- og samgöngunefndar að þessi breyting sé til bóta frá núgildandi Umferðarlögum, en þessi drög eru til skoðunar hjá lögfræðingum, að mati undirritaðs er samt lítið hald í þeim nema sektarákvæði séu skýr um leið. Full ástæða er til að álykta að frumvarp um ný Umferðarlög verði lagt fram á haustþingi 2009.

Á þingskjali nr. 33 flytjandi: hestamannafélagið Hörður.

Lagt fyrir: Allsherjarnefnd

Tillaga:

56. landsþing Landssambands hestamannafélaga haldið á Kirkjubæjarklaustri 24. og 25. október 2008 samþykkir að Skógarhólanefnd verði endurreist og gengið verði nú þegar til viðræðna við Þingvallanefnd um áframhaldandi umsjón, rekstur og uppbyggingu á Skógarhólum í samvinnu við Þingvallanefnd og aðra er málið varðar.

Greinargerð:

Skógarhólar eru tengdir hestamenskunni órjúfanlegum böndum, bæði sem fjölsóttur áningastaður og sem fyrsti landsmótsstaðurinn. Þótt Skógarhólar séu á suðvesturlandi, varða þeir alla landsmenn því Skógarhólar eru í þjóðbraut allra sem ferðast milli landshluta á sunnan og vestanverðu landinu. Ef aðstaða hestamanna verður lögð niður þá gæti það verið fyrsta skrefið í þá átt að umferð hrossa í þjóðgarðinum verði bönnuð.

Í stað þess að gefa staðinn frá sér er lagt til að Skógarhólanefnd verði endurvakin með fjölþættara hlutverki en áður, með fjölþættari rekstri og metnaðarfullri uppbyggingu staðarins í samvinnu við Þingvallanefnd og fleiri að leiðarljósi. Ný Skógarhólanefnd starfi sjálfstætt og jafnvel er hugsanlegt að stofnað verði fyrirtæki með svipaðri tengingu við LH og Landsmót ehf. Setja verður slíkri nefnd eða rekstrareiningu raunhæf markmið um uppbyggingu því tryggja þarf góðan aðgang hestamanna að Skógarhólum.

Afgreiðsla þingsins: Samþykkt

Ferða- og samgöngunefnd LH hefur ekki ályktað sérstaklega um þessa tillögu þar sem henni var beint til Allsherjarnefndar, en vitað er þó að reiðveganeft SV svæðis hefur ályktað um

tillöguna og sent erindi til stjórnar LH vegna þessa. Undirritaður fh. LH ásamt Sæmundi Eiríkssyni og Jóhannesi V. Oddsyni frá reiðveganefnd SV svæðis og Guðmundi Einarssyni úr gömlu Skógarhólanefndinni sátu fund með Sigurði Oddsyni yfirþjóðgarðsverði og Einari Sæmundssyni þjóðgarðsverði þann 16. apríl. Niðurstaða af þeim fundi var: Skógarhólar reknir með svipuðu sniði 2009 og áður, lengri tíma samningur verði ræddur við nýja Þingvallanefnd. Áhugi á að funda aftur áður en starfsemin fer í gang í sumar. LH réð Guðmund Einarsson sem staðarhaldara á Skógarhólum 2009.

Önnur erindi:

Aðalskipulag Dalabyggðar.

Hestamannafélagið Glaður í Dalabyggð vakti athygli undirritaðs á því í nóvember 2008 að aðalskipulag fyrir Dalabyggð hefði verið í kynningu og að flestar reiðleiðir hafi verið í skipulagsdrögunum í góðri sátt að talið var. Athugasemdir bárust við reiðleiðir á skipulagsdrögunum m.a. frá ábúendum að Hrútsstöðum sem kröfðust þess að reiðleiðir um þeirra lönd yrðu felldar út af skipulaginu. Reiðleið frá Búðardal lá um lönd Hrútsstaða, um Kamsnes, Lækjarskógsfjörur og áfram að Hörðudal, þessi reiðleið hefur verið til staðar í áratugi. Sveitarstjóri og byggðaráð Dalabyggðar, að undanskyldum formanni byggðaráðs, tók vel í óskir landeigenda. Þrátt fyrir mótmæli hestamannafélagsins Glaðs, Samgöngunefndar LH og Vegagerðarinnar þá felldi byggðaráð reiðleiðina út af skipulagstillögunum, taldi rök ábúenda og landeigenda vega þyngra. Sveitarstjóra var gerð grein fyrir því að það væri ábyrgðarhluti að vísa allri ríðandi umferð á þjóðveg nr. 60, ekki síst þegar öll umferð til og frá Vestfjörðum kæmi til að fara um þann veg þegar vegur um Arnkötludal yrði tekinn í notkun, sveitarstjóri kvað leiða yrði leitað til að ríðandi kæmist frá akveginum.

Slysaðildur við hringveginn.

Erindi barst í janúar frá Grétu Elínu Sveinsdóttur umhverfisskipulagsfræðingi hjá VSÓ Ráðgjöf þar sem segir að þau séu að sækja um rannsóknarstyrk hjá Vegagerðinni með verkefni sem varðar reiðstíga við hringveginn og umferðaröryggi. Hugmyndin er í grunnin að kortleggja svæði við hringveginn sem bæði öku- og hestamönnum geta stafað hættu af, skrá eðli hættu og á hvaða tíma árs hættan er mest. Gögnin yrðu skráð í landupplýsingakerfi. Gott mál, en ekki hefur heyrst frekar frá Grétu Elínu, þannig að ég geri ráð fyrir að ofangreindur styrkur hafi ekki fengist.

Reiðleiðir á Hellisheiði og Hengilssvæðinu.

Þá voru fundnir haldnir með Orkuveitu Reykjavíkur um skipulag og reiðleiðir á Hellisheiði og Hengilssvæðinu.

Reiðleið um Þjórsárþakka.

Erindi frá hestamannafélaginu Sleipni vegna reiknings frá Vegagerðinni fyrir ræsi sem Sleipnismenn settu niður á Þjórsárþökkum, en reiðleiðin þar um var nánast ófær orðin. Þegar Aðstoðarvegamálastjóra og Svæðisstjóra suðurssvæðis voru gerð grein fyrir að ríðandi umferð hefði ella færst að Skeiða- og Hrunamannavegi var samþykkt aukafjárveiting úr reiðvegasjóði fyrir framkvæmdinni.

Áningahólf á reiðleið til Þingvalla.

Erindi barst frá Gunnari Valssyni, hestamannafélaginu Herði um fjárstuðning úr Áningahólfasjóði vegna reiðleiðarinnar Mosfellsbær – Þingvellir. Erindinu var vísað til reiðveganefndar SV svæðis.

Tvöföldun Suðurlandsveggar, matsáætlun.

Athugasemdir voru sendar Skipulagsstofnun í mars, vegna matsáætlunar um tvöföldun Suðurlandsveggar, Vesturlandsveggar – Hólmsá. Þar sem einungis hlutar af reiðstígum komu fram á yfirlitsmyndum sem fylgdu matsáætluninni.

Tvöföldun Suðurlandsveggar, frummatsskýrsla.

Athugasemdir voru sendar skipulagsstofnun í apríl, vegna frummatsskýrslu um tvöföldun Suðurlandsveggar, Hólmsá – Hveragerði. Skerpt var á nokkrum atriðum varðandi undirgöng og fyrirhugaða nýja reiðleið meðfram Helliðaræð. Bent var einnig á að stórbæta þyrfti merkingar reiðleiða á Helliðaræðinu, einnig göngu- og hjólaleiðir. Bent var á að það gæti verið upplagt samstarfsverkefni Vegagerðarinnar, Orkuveitu Reykjavíkur og hagsmunaaðila.

Áningahólfasjóður.

Formlegt erindi var sent stjórn LH þann 8. júní, þar sem svara er óskað um afdrif Áningahólfasjóðs, hvort hann hafi verið aflagður og þá hver hafi tekið þá ákvörðun, eða hvort hann væri enn við lýði og hvaða fjármunir væru þá í honum. Formlegt svar hefur ekki borist, en óformlegt að sjóðurinn sé ekki aflagður en verið sé að skoða málið frekar af endurskoðanda LH.

Reykjanesbær aðalskipulagstillögur.

Athugasemdir voru gerðar við aðalskipulagstillögur Reykjanesbæjar í júlí, er varða reiðleiðir á dreifbýlisupprætti. Á þéttbýlisupprætti fyrir sveitarfélagið voru reiðleiðir skýrar, en á þéttbýlisupprætti engar.

Fulltrúi Kanon Arkitekta, sem unnu skipulagsupprættina, var í sambandi vegna þessa og var honum komið í samband við fulltrúa hestamannafélagsins Mána í reiðveganevnd SV svæðis.

Áfangar I og II.

Ferðahandbækurnar Áfangar eru nú aðgengilegar á heimasíðu LH. Bækurnar eru frá árunum 1986 fyrra bindið og 1994 síðara bindið þær voru ekki til á stafrænu formi, en það tókst að fá aðila til kosta skönnun þeirra á pdf. form og gera þær þannig aðgengilegar fyrir almenning til eigin nota á heimasíðunni. Bækurnar eru safnrit Ferða- og samgöngunefndar LH. Í fyrri bindinu eru sextíu leiðarlýsingar og sérteiknuð kort um Árnessýslu, Gullbringusýslu, Kjósarsýslu og Borgarfjarðasýslu, einnig eru þar leiðir inn á hálendið m.a. að Arnarfelli, Hveravöllum ofl.

Í síðara bindinu eru áttatíu leiðarlýsingar og yfirlitskort um Mýrasýslu, Snæfellsýslu, Hnappadalssýslu, Dalasýslu og Húnavatnssýslur, hér eru einnig leiðir sem liggja inn á hálendið m.a. Arnarvatnsheiði ofl.

Almenningi er frjálst að nýta sér þessar leiðarlýsingar og kort til eigin nota, en hafa ber í huga að sumar þessara leiða geta hafa breyst eða verið aflagðar og því skal ávallt leita upplýsinga hjá staðkunnugum. *Það ferðast jú allir á eigin ábyrgð.*

Tekjur þjóðarbúsins af hestatengdri ferðaþjónustu.


Hagstofa Íslands hefur nú birt í fyrsta sinn ferðaþjónustureikning fyrir Ísland samkvæmt alþjóðlegum stöðlum. Niðurstöður þessara reikninga sýna m.a. að árin 2000 - 2006 var hlutur ferðaþjónustu í landsframleiðslu að meðaltali 4,6%. Árið 2006 nam heildarkaup á ferðaþjónustu innanlands tæplega 135 milljörðum króna eða sem svarar 11,5% af landsframleiðslu. Kaupin skiptust þannig að kaup erlendra ferðamanna voru 70,6 milljarðar

króna eða 6% af landsframleiðslu, neysla heimilanna var um 56 milljarðar króna eða 4,8% af landsframleiðslu og kaup fyrirtækja og opinberra aðila 8,2 milljarðar króna eða 0,7% af landsframleiðslu.

Samkvæmt nýjustu upplýsingum frá Ferðamálaráði, Hagstofunni, Seðlabanka Íslands og Samgönguráðuneyti þá námu heildartekjur þjóðarbúsins árið 2008 af hestatengdri ferðaþjónustu 14,6 milljörðum króna, ætlaðar tekjur þjóðarbúsins árið 2010 verða samkvæmt sömu forsendum 17,9 milljarðar króna.

Ferðamálaráð spáir 9% árlegri fjölgun erlendra ferðamanna á næstu árum og samkvæmt þeim spám munu erlendir ferðamenn verða ein milljón á árunum 2015 – 2017.

Hér að neðan er súlurit sem sýnir heildartekjur þjóðarbúsins af hestatengdri ferðaþjónustu á árunum 2002 – 2010.



Hér á eftir eru svo skjöl sem sýna:

Umsóknir hestamannafélaga og úthlutanir Ferða- og samgöngunefndar á reiðvegafé 2009 þar kemur einnig fram inneignir sem hestamannafélögin áttu um sl. áramót.

Reiðvegir 2008 – uppgjör / Fjárheimildir 2009 - 2.

Þar koma fram fjárheimildir 2008, greiðslur 2008, fjárheimildir 2009, hvað hafði verið greitt út eða framkvæmt hafði verið fram til 04.12.2009, bindandi samningar sem hestamannafélögin höfðu gert 2009 og reiðvegafé sett á bið.

Halldór H. Halldórsson
formaður Ferða- og samgöngunefndar.